

Ályktun Landssambands bakameistara.

Í byrjun árs 2005 tók gildi reglugerð um framkvæmd raforkulaga, nr. 1004/ 2005, með síðari breytingum. Við þá innleiðingu breyttust taxtar og innheimtuferli orkufyrirtækja á landinu. Landssamband bakameistara vakti athygli á því þá, að stærstur hluti raforkunotkunar í bakaríum fari fram á þeim tíma sólarhrings þegar almenn orkunotkun er í lágmarki. Af þeim sökum og áður en að breytingunni kom höfðu bakarí notið betri kjara raforkuverðs, gegn því að hægt væri að rjúfa rafmagn til þeirra á öðrum tímum sólarhringsins.

Við breytingar á orkulögum var þeim samningum einhliða rift og við það hækkaði raforkuverð til bakaría um allt að 50% og laskaði starfsumhverfi og dró verulega úr samkeppnishæfni þar sem hækkunin óhjákvæmilega hækkaði vöruverð. Þessi ákvörðun um breytingu raforkuverðs var andstæð vilja stjórnvalda, á þeim tíma, um að lækka verð á matvælum og hvatningu til orkusala til að koma til móts við óskir bakara um að leita leiða til að lækka orkuverð. Staðhæfingar stjórnvalda, síðustu misseri, um að þessi breyting með markaðsvæðingu íslensks orku-markaðar hafi leitt til lægra raforkuverðs eru rangar. Í þessu samhengi er hægt að benda á 5-8% hækkun á milli árána 2015-2016.

Landssamband bakameistara dregur stórlega í efa þær fullyrðingar stjórnvalda að þriðji orkupakkinn, sem sagður er vera beint framhald af þeirri þróun sem átti sér stað með breytingum á raforkulögum 2003, sé til þess fallinn að styrkja enn frekar markaðsvæðingu, samkeppni og jafnræði og að það stuðli að lækkuðu verði.

Þriðji orkupakkinn snýr að flutningi og sölu raforku á milli landa. Á það hefur verið bent að með innleiðingu tilskipunarinnar muni það hafa lítil sem engin áhrif hér á landi þar sem Ísland sé með einangrað raforkukerfi sem ekki er tengt við Evrópu. Sú einangrun er engin trygging fyrir því að Ísland muni ekki tengjast innri orkumarkaðnum í framtíðinni með lagningu sæstrengs. Með lagningu sæstrengs er ljóst að innleidd yrðu ný markaðslögmál sem myndu hækka raforkuverð umtalsvert. Í því samhengi er vert að benda á að niðurstöður starfshóps iðnaðar-ráðherra frá árinu 2016, sem var meðal annars falið að greina þjóðhagsleg áhrif af lagningu sæstrengs voru meðal annars þær að með lagningu sæstrengs myndi raforkuverð á Íslandi hækka umtalsvert. Í skýrslunni er tekið fram að meira en helmingur þeirrar kostnaðarhækkunar sem kæmi til yrði borinn af þeim hópum

sem eru stærstu raforkunotendur fyrir utan heimili og stóriðju. Raforkuverð til iðnaðar, annars en stóriðju, myndi samkvæmt útreikningum hækka um helming.

Landssamband bakameistara telur að með samþykkt og innleiðingu þriðja orkupakkans muni það óhjákvæmilega leiða til stórhækkunar á raforkuverði og þar af leiðandi veikja samkeppnisstöðu bakaría sem og íslensks iðnaðar. Því leggst Landssamband bakameistara alfarið gegn því að þriðji orkupakkinn verði innleiddur á Íslandi.

Greinargerð og tillaga um lausn:

1. Aldarfjórðungur er nú liðinn frá því landið gerðist aðili að EES. Með henni var íslenskum útflutningsfyrirtækjum tryggður hagstæðari aðgangur að erlendum mörkuðum en áður. Í hönd fór á sama tíma nýtt tímabil hagræðingar í sjávarútvegi vegna framseljanlegrar aflahlutdeildar. Allar götur síðan hefur þjóðin notið þessara breytinga, í sterkara gengi krónunnar en ella hefði verið. Þennan aldarfjórðung hafa líf skjör þjóðarinnar batnað og hafa innflutnings- og þjónustugreinar atvinnulífsins, auk almennings, þannig notið breytinganna, ásamt útflutningsfyrirtækjunum. Enginn vafi leikur á um þetta orsakasamband. Sú ólga sem nú er vart við vegna Orkupakka 3 hefur vakið efasemdaraddir um sjálfa aðildina að EES, sem ætti að leiða til ítrustu varfærni af hálfu stjórnvalda.
2. Aðildin að EES hefur einnig sínar skuggahliðar. Meðal stærstu innflutnings- og þjónustufyrirtækja hefur orðið mikil samþjöppun til aukinnar fákeppni. Hún er jafnan réttlætt með hagræðingu, en auðveldari stjórn verðlags er hinn augljósi ávinningur. Grundvallarforsendur samkeppnislögjafar ESB um virka markaði og samkeppni halda ekki hér á landi, því arði, ofurlaunum og bónusum, er velt jafnóðum út í verðlagið. Smærri fyrirtæki fyrst og loks almenningur bera þennan kostnað að endingu. Stjórnvöld ættu að veita þessari þróun aukna athygli, því hún er að sínu leyti tekin að grafa undan stuðningi almennings við aðildina að EES.
3. Á þessu ári er hálf öld liðin frá því tekið var að bræða ál á Íslandi með hreinni íslenskri orku. Frá upphafi hafa virkjanir fallvatna landsins verið tengdar stóriðjuverkefnum, sem samið var samhliða um orkusölu til. Allan þennan tíma hefur þjóðinni verið heitið því, að hún muni njóta lágs orkuverðs í framtíðinni, þegar orkusölusamningar hafi greitt lán til virkjana niður. Þessi

fyrirheit hefur þjóðin metið mikils, ekki síst í ljósi þess að hrein, ódýr orka er nánast eini innlendi framleiðsluþátturinn sem er allri innlendra atvinnu- starfsemi í vil. Stjórnvöldum ber að efna þessi loforð, sem hafa verið marg- ítrefuð við þjóðina í tengslum við ákvarðanir um að fórna ósnortinni náttúru fyrir atvinnu og velferð, með virkjunum.

4. Orkukerfin á Íslandi byggðust upp af opinberum fyrirtækjum; svo sem Hita- veitunni og Rafmagnsveitunni í Reykjavík, Orkubúi Vestfjarða, Hitaveitu Akureyrar og Rafmagnsveitum ríkisins. Á uppbyggingartímanum voru þetta samfélagsleg fyrirtæki, byggð upp af skattfé, notkunargjöldum og með láns- hæfi almennings að bakhjarli, rekin til að veita almenningi ódýra og örugga orku. Skuldir voru greiddar með notkunargjöldum og eftir uppbyggingartíma lækkaði raunverð orkunnar því hægt og bitandi. Almennitur naut þess að eiga orkufyrirtækin sjálfur. Í þessu fyrirkomulagi getur falist lausn á þeim vanda sem tengist Orkupakka 3, því sameignar og samlagsfélög í eigu notenda má reka í þágu eigenda, svo samrýmist EES reglum. Leita ber lausnar þannig að öflug samrekstrarfélög í eigu notenda færi eigendum sínum áfram það hagræði sem heitið hefur verið.
5. Á seinni árum EES-aðildarinnar hefur minna verið litið til félagslegra gilda í rekstri orku- og veitufyrirtækja en áður. Opinberum fyrirtækjum var breytt svo þau fóru að starfa líkt og einkafyrirtæki. Í stað þess að nota niðurgreiðslu skulda til að lækka verð var svigrúmið notað til nýrra framkvæmda og leitað að nýjum kaupendum að orkunni. Orkuveita Reykjavíkur er t.d. tekin að virkja svo hægt sé að selja stóriðju raforku. Áður félagslegt fyrirtæki varð að fjárfestingarfyrirtæki sem skiptir við alþjóðlega stóriðju, þó eignarhaldið og ábyrgðin sé enn almennings. Forystumenn í stjórn málum hafa lýst á huga á að selja hluti í Landsvirkjun, sem þó var byggð upp með lánstrausti og stuðningi almennings, sem á móti fékk fyrirheit um lágt orkuverð í fram- tíðinni. Gerist það munu félagsleg sjónarmið óhjákvæmilega víkja fyrir sjónarmiðum fjárfesta. Fyrirheitin um lágt orkuverð yrðu ekki efnd.
6. Lega landsins veldur því að flutningskostnaður að og frá landinu íþyngir samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Ef landið tengist raforkumarkaði Evrópu með sæstreng í framtíðinni, mun verð þeirrar orku sem um strenginn streymir óhjákvæmilega verða grunnverð allrar raforku í landinu, við óbreytt fyrirkomulag. Með því yrði hagræðið af hinni ódýru orku gert að engu, án þess að óhagræðið hyrfi. Orkufrek starfsemi yrði betur sett nær markaði, við

mundum flytja út störf. Engin furða er því að íslensk smáfyrirtæki og almenningur gjaldi varhug við slíkum hugmyndum.

7. Orkustefna Evrópusambandsins gengur út á að markaðsvæða orkuframleiðslu álfunnar. Hún setur hvarvetna kvaðir á félagslegu orkufyrirtækin, sem almenningur byggði upp á síðustu öld. Þeim skal skipt upp og framleiðsla, sala og dreifing aðgreind. Regluverkið miðast við stórmarkaði landa sem tengdir skuli skv. kröfunni um „fjórfrlesið“. Á Íslandi býr hins vegar svo fátt fólk að hér myndast nánast ekki virkur markaður á neinu umfangsmiklu sviði viðskiptalífsins. Orkumarkaðurinn er þar síst undantekning. Samkeppnisreglur ESB virðast ekki ná til slíkrar stöðu, en það var m.a. eitt meginmarkmiðið með aðildinni að EES að landsmenn mundu njóta áhrifa aukinnar samkeppni.
8. Landsvirkjun er nú með markaðsráðandi stöðu, sem nefna má „náttúrulega einokun“. Sú staða hefur myndast vegna stærðarhagkvæmni orkuvinnslu á Íslandi. Henni fylgja ótvíræðir kostir og samstillt stýring miðlunarlóna varðar afhendingaröryggi og hagkvæmni. Hið evrópska markaðsmódel fyrir millilandatengingar stendur og fellur með virkri samkeppni. Á meðan hún er ekki fyrir hendi á Íslandi er tenging landsins við innri raforkumarkað Evrópusambandsins um sæstreng óraunhæf, en það kann að breytast.
9. Tíðindi hafa borist um að norskt vindorkufyrirtæki hafi stofnað dótturfyrirtæki á Íslandi. Markmið fyrirtækisins er að reisa vindmyllur og vindmyllugarða hér á landi. Framkvæmdastjóri hins nýja félags hefur skýrt frá nýjum áformum í Noregi um vindmyllugarða, sem ætlað er að framleiða hundruð megavatta af raforku hverjum um sig og alls um 1000 MV. Ísland á gríðarlega mikla óvirkjaða vindorku, sem mikill markaður er fyrir, þrátt fyrir óstöðugleikann, ef til tengingar með sæstreng kemur. Við höfum séð að erlendir fjárfestar, með erlenda starfsmenn, fá aðgang að ósnortinni náttúru landsins. Það hefur nýlega gerst bæði í ferðaþjónustu og fiskeldi og það mun gerast í öðrum greinum. Óstöðuga orkuframleiðsla þarf að flytja út og má gera ráð fyrir að framleiðslan yrði flutt út, alveg eins og í fiskeldinu. Leyfi fyrir vindmyllugörðum eru þegar í athugun hér og munu skapa fordæmi, sem fylgja verður. Vafasamt er að staðið verði gegn virkjun vinds og sjávarfalla í framtíðinni, eins og horfur eru í orkumálum veraldarinnar.
10. Vegferð ESB í orkumálum er „óvissuferð“ frá sjónarhóli íslenskra fyrirtækja og heimila. Hún er vörðuð, við erum stödd við þriðju vörðuna og það grillir í þá fjórðu í þokunni. Við vitum hvorki hve margar vörðurnar verða né hvert

leiðin liggur. Gríðarlegir hagsmunir eru undir, bæði rekstrarskilyrði almenns atvinnurekstrar og lífskjör íbúa landsins eru í húfi. Orkupakki 3 er aðeins varða á langri leið. Við biðjum leiðsögumenn okkar á hinu háa Alþingi að staldra við, fara varlega og leiða okkur út úr þokunni.

11. Að lokum skal bent á leið sem ætti að gaumgæfa nánar:

- a. Leita ber lausna sem taka tillit til vilja og hagsmuna almennings sem eigenda orku- og veitufyrirtækja, sem leggja fram drjúgan skerf til að búseta í landinu geti verið fýsileg til frambúðar, þrátt fyrir legu landsins. Lausnin þarf jafnframt að gera landinu kleift að samþykkja Orkupakka 3 og taka í framhaldinu þátt í sameiginlegum orkubúskap ESB, eins og hann þróast á forsendum markaðarins, svo sátt geti verið um þá starfsemi. Um heimilin gilda frjálsllegri reglur en fyrirtæki. Sem fyrr sagði munu sameignar- og samlagsfélög í eigu notenda, rekin í þágu eigenda, samrýmast EES reglum. Það jafngildir eigin rekstri og „sjálfspurftabúskap“ að notendur komi sér saman um samstarf um öflun aðfanga, svo sem orkan er, og skipti kostnaði með sér gegnum verðlag.
- b. Hér skal sett fram til umræðu að **allar elstu vatnsaflsvirkjanir landsins, sem eru niðurgreiddar og skuldlausar í eigu opinberra aðila, verði lagðar fram í samrekstur af þessu tagi. Hann hafi að markmiði að afhenda öllum smánotendum, heimilum og fyrirtækjum, um land allt, raforku á einu og sama framleiðslukostnaðarverðinu, að viðbættu nokkru álagi fyrir árlegri fjárfestingu til endurnýjunar og viðhalds uppsettu afli.** Setja ber nógu margar virkjanir inn í félagið til að raforkuþörf smánotenda verði uppfyllt um langa fyrirsjáanlega framtíð. Þar sem Landsvirkjun kann að hafa blandað verðlagningu á orku frá slíkum niðurgreiddum virkjunum saman við verðlagningu sína í einhverjum sölusamningum verður að gera ráð fyrir að þetta gerist án þess að raska fjárhagslegri stöðu LV, svo ekki komi til gjaldfellinga á lánum. Þetta þarfnast nákvæmrar athugunar við, en sé um slíka blöndun að ræða má t.d. leysa það með því að hið nýja samrekstrarfélag skuldbindi sig til að selja LV umframorku sína á verði sem smám saman nálgist markaðsverð, á sama tíma og LV greiði niður skuldir.